

085/01 - Ási ÍS 106

Ási ÍS 106, strandar í Súgandafirði

Ási ÍS 106

Skipaskr.nr.: 7427

Smíðaður: Hafnarfjörður 1995 Plast

Stærð: 7,50 brl; 6,00 bt

Lengd: 8,92 m **Breidd:** 2,68 m **Dýpt:** 1,75 m

Vél: Perkins 123,00 kW **Árgerð:** 1995

Annað:

Földi skipverja: 2

Atvikalýsing

Hinn 29. ágúst 2001 fór Ási ÍS 106 til línuveiða út af Súgandafirði. Veður: NA 8 m/sek.

Eftir um klst. siglingu var báturinn kominn á miðinn og um kl. 19:30 var búið að leggja línuna, samtals 36 bala. Þá var strax byrjað að draga og því lokið um kl. 03:45 og voru þá komin um 2 tonn af fiski.

Þá var lagt var af stað til hafnar og skv. plotter var um 1:15 klst. sigling til hafnar á Suðureyri. Skipstjórinn sá um siglinguna en hinn skipverjinn lagðist til hvílu. Siglt var á um 8 til 8,5 hnúta hraða með sjálfstýringu á og hafði skipstjórinn verið í símasambandi við land á landstíminu.

Að sögn skipstjórans var um 8 mín. sigling eftir þegar hann gleymdi sér og sofnaði. Hann hrökk upp við mikið og þungt högg og sá að báturinn var strandaður rétt fyrir utan "brjótinn" í sunnanverðum Súgandafirði, rétt vestan við Suðureyri. Gat kom á bátinn stb. megin að framan og sjór fór að flæða inn í lúkar. Skipstjórinn reyndi að bakka bátnum út aftur en hætti því sökum þess hve mikill sjór lak inn í bátinn. Í bakkinu lenti stýrið í grjóti og við það gekk stýristamminn til og fór að leka inn í vélarúm. Björgunarsveitarmenn komu á slysstað um 10-15 mín. eftir óhappið. Hófu þeir að losa aflann úr bátnum og draga hann síðan af strandstað og koma honum til hafnar.

Í ljós kom að stórt gat kom á bátinn að framan og einhver göt voru á botni að aftan auk fyrrnefndra skemmda á stýri.

Við rannsókn kom fram

- að skipstjóri sofnaði við stjórn bátsins;
- að skipstjóri hafði vakað um 20 til 21 klst. þegar óhappið varð;
- að hver veiðiferð tók um 12 klst. að jafnaði;
- að skipstjóri var í sinni fjórðu veiðiferð á jafnmörgum dögum;
- að eftir að veiðum lauk fór hinn skipverjinn í koju þar sem hann þjáðist af sjóveiki;
- að sjálfstýringin var í lagi;
- að kompásstefnan sem skipstjóri hafði síðast sett á og átti að hafa brjótinn fríann hélst rétt að strandstað, en vindur og straumur bar bátinn af leið.

Nefndarálit

Nefndin telur orsök strandsins vera þá að skipstjóri bátsins sofnaði. Nefndin ítrekar mikilvægi þess að skipstjórarmenn séu nægilega hvíldir til að geta haldið árvekni sinni í lagi og stefna ekki sjálfum sér, áhöfn og skipi ásamt öðrum sjófarendum í hættu.